

Náttúruverndarstofnun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfossi

Garðabær, 6. mars 2025
202501-0163/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Breyting á deiliskipulagi - Minni-Ólafsvellir, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða - og Gnúpverjahrepps er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Minni - Ólafssvelli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum.¹

Í greinargerð kemur fram að í breytingunni felst aukning á heimildum fyrir uppbyggingu á svæðinu í takt við breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreint var verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarbyggð. Innan byggingarreita A1, A3 og A4 er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 10 gestahús, íbúðarhús auk bygginga tengdum hestamennsku. Hámarksbyggingarmagn er 1.200 m². Á reit A2 er gert ráð fyrir allt að þremur íbúðum, sambyggðum eða stakstæðum. Hámarksbyggingarmagn er 600 m².

Þjósárhraun

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að svæðinu sé lýst í tillögunni. Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að skipulagssvæðið er á Þjósárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni og tekið tillit til þess ef einhverjar jarðmyndanir eru að finna á skipulagssvæðinu.

Fráveita

Náttúruverndarstofnun bendir á að það þarf að koma fram að tillagan séu í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg M. Bjarnadóttir

sérfræðingur

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20%c3%93lafsvellir.pdf>